

FW: Hönnunarsjóður I Opnað fyrir úthlutun 50 milljóna til átaksverkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs

Til : Gísli Halldór HalldórssonHelga María PálsdóttirBragi BjarnasonSigný Harpa Hjartardóttir
Frá : Afgreiðsluborð #2 Ráðhús Móttaka
Heiti : FW: Hönnunarsjóður I Opnað fyrir úthlutun 50 milljóna til átaksverkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs
Málsnúmer : 2004230
Málsaðili : Hönnunarmiðstöð Íslands ehf.
Skráð dags : 27.04.2020 09:06:52
Höfundur : Hönnunarmiðstöð Íslands ehf.

From: Hönnunarmiðstöð **On Behalf Of** Hönnunarmiðstöð

Sent: laugardagur, 25. apríl 2020 08:30

To: Ráðhúspóstur

Subject: Hönnunarsjóður I Opnað fyrir úthlutun 50 milljóna til átaksverkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs

Opnað fyrir úthlutun 50 milljóna til átaksverkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs

Hönnunarsjóði hefur verið falið að úthluta 50 milljónum til átaksverkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs, samkvæmt þingsályktun um tímabundið fjárfestingaráttak til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs vegna Covid-19.

Veittir verða styrkir til margvíslegra verkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs og lögð áhersla á verkefni til þróunar, nýsköpunar, menningarlífs og atvinnusköpunar, gjarnan með þverfaglegri nálgun. Markmið og úthlutunarreglur Hönnunarsjóðs gilda við úthlutunina, en tekið verður tillit til aðstæðna vegna Covid-19.

Skilyrði styrkveitingar samkvæmt þingsályktun:

- *Verkefnið hefst eigi síðar en 1. september 2020 og ljúki fyrir 1. apríl 2021.*
- *Átaksverkefni sem styðja við fjölbreytta starfsemi á sviði lista og menningar með áherslu á sköpun og virka þátttöku listamanna í menningarlífi landsmanna.*
- *Verkefni uppfylli grunnmarkmið fjárfestingaráttaks um að styðja við eftirspurn og atvinnu til skamms tíma með arðbærum verkefnum.*
- *Sýnt sé fram á gildi verkefnis og mikilvægi þess fyrir landsmenn.*
- *Styrkveiting sé til undirbúnings, þróunar og framkvæmd verkefnis.*
- *Lagðar séu fram útarlegar upplýsingar um verkefnið auk tímaáætlunar.*

Úthlutunin hefur ekki áhrif á aðrar úthlutanir úr Hönnunarsjóði 2020.

Umsóknarfrestur rennur út 18. maí og úthlutun er áætluð 29. maí 2020.

Nánari upplýsingar og umsóknir má finna á heimasíðu Hönnunarsjóðs [hér](#).

honnunarmidstod.is | hadesignmag.is | honnunarmars.is

Hönnunarmiðstöð Íslands | Aðalstræti 2 | s: 771 2200 | info@honnunarmidstod.is

[Smelltu hér til að afskrá þig](#) | [Smelltu hér til að breyta skráningu](#)

[Click here to unsubscribe](#) | [Click here to edit subscription](#)

Ef pósturinn birtist ekki almennilega, [má smella hér](#) má smella hér til skoða hann betur

Problem with reading this mail? [Click here](#)